



✿ Hins vegar eru það fáir aðilar sem ráða íslenska myndlistarheiminum og því hvernig hann þróast.

Morgunblaðið/Kristinn

og avant garde hippopp. Listamannsnafn Þórðar er Lord Puss-whip. Eldri sonurinn Þórarinn Ingi er myndlistarmaður og er nýkominn heim úr mastersnámi í Prag.

Það er óhætt að segja að Þórarinn Ingi, sonur ykkar, hafi vakið athygli, því verk eftir hann olli uppnámi í Toronto á sínum tíma.

„Árið 2007 lenti hann í miklum hremmingum í Toronto í Kanada. Hann var að vinna verkefni í fjölkennideild Ontario College of Art & Design þar sem hann var í BA-námi og gerði tréskúlpúr sem leit út eins og sprengja og skildi hann eftir í plastpoka í Royal Ontario Museum í Toronto. Hann bjó einnig til tvö myndbönd sem sýndu sprengingu á þessu safni og svo annað myndband sem sýndi sprengingu í neðanjarðarlest. Hann hringdi síðan í lista-safnið og sagði að í pokaum væri engin sprengja, fór svo í skólann og hélt fyrirlestur um gjörminginn. Mikili uppnám varð þegar plastpokinn fannst og stórum hluta af miðborg Toronto var lokað um tíma. Þórarinn Ingi gaf sig fram við lög-reglu og var settur í fangelsi en var síðan látinn laus gegn tryggingu. Þetta var mjög erfitt fyrir hann og fjölskylduna. Honum var meinað að fara í skólann, varð að hafa umsjónarmann og var algjörlega einangraður. Hann varð fyrir mikilli reiði frá samfélaginu en fékk stuðning myndlistarmanna, þar á meðal hér heima. Við vorum svo heppin að

einn frægasti lögfræðingur Kanada, Clayton Ruby, hafði áhuga á þessu máli og við nutum aðstoðar hans.

Lok málsins urðu þau að Þórarinn Ingi var sektaður um 3.000 dollara og fékk skilorðsbundinn dóm fyrir að vera það sem kallað var „public nuisance“. Þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, var okkur mikil hjálp og rektor Listaháskólans, Hjálmar H. Ragnarsson, einnig og það bjargaði Þórarni Inga úr kyrrstöðu-ástandi að hann komst að sem gestanemandi hjá Listaháskóla Íslands. Um haustið fékk hann inn-göngu í skólann og eftir að hafa útskrifast þaðan fór hann í framhaldsnám í Listaakademíuna í Prag. Þannig að þessir erfiðu tímar eru að baki.“

Þú nýtur mikillar velgengni en það hlýtur stundum að hafa verið á brattann að sækja. Hefurðu alltaf verið sannfærð um að það hafi verið rétt val að helga sig höggmyndagerð?

„Til að maður haldi áfram í vinnu eins og þessari verður maður að vera staðráðinn í því að gefast ekki upp þótt á móti blási. Stundum gengur mjög vel og stundum ekki eins vel. Þrjúskja getur verið góður eiginleiki í þessu starfi. Það er mikilvægt að njóta stuðnings, fá að sýna verk sín og miðla því sem maður er að gera. Aðalatriðið er að vera trúr sjálfum sér. Svo þarf maður alltaf að sjá ljósið.“

**AF HVERJU EKKI AÐ FÁ MEIRA FYRIR MINNA?**

*Úrval fylgihluta fyrir heita potta*

**Súhreinsir**

1249,-

**Pípulagnahreinsir**

2899,-

**Perfect Jet Súhreinsislaus**

4499,-

**U.V. Áburður fyrir lok**

1999,-

**Yfirborðshreinsir fyrir skel**

3299,-

**Glasabakki**

3499,-

**Stuðningssæti**

3499,-

**Frödueyðir**

2999,-

**Fituhreinsir**

2899,-

\*Öll verð eru m/vsk og birt án ábyrgðar

**OFNASMIÐJA REYKJAVÍKUR**

Vagnhöfða 11 - 110 Reykjavík - ☎ 577 5177 - www.ofnasmidja.is